**ERLUÁS 25, HAFNARFIRÐI**
**EINBÝLI**
**Heildarstærðir (brúttó)**

| | Flatarmál (m2) | Rúmmál (m3) |
|---|---|---|
| Bílgeymsla | 51,2 | |
| 1.hæð | 23,4 | |
| 2.hæð | 161,5 | |
| **Samtals** | **236,1** | **817,8** |
| **Þar af botnplata** | | **14,9** |
| **Flatarmál lóðar** | **642,1** | |
| **Nýtingarhlutfall** | **0,37** | |




AFSTÖÐUMYND Í MkV. 1:500

**Byggingalýsing: (matshluti 01)**
**Almenn lýsing**
Húsið er einbýlishús á tveimur hæðum með bílgeymslu. Á fyrstu hæð er anddyri, salerni, gangur og bílgeymsla með geymslu. Á annari hæð er stofa, eldhús, þvottur og svefnálma. Í svefnámu auk svefnherbergja er salerni og vinnuherbergi.

**Útveggir.**
Útveggir fyrstu hæðar eru staðsteyptir og einangraðir að utan með 100 mm steinull. Veggir eru klæddir með múrstein annarsvegar og málmklæðningu hinsvegar. Að innanverðu eru steyptir veggir pússaðir.
Útveggir annarar hæðar eru timburveggir klæddir með málmklæðningu og múrsteinsveggir á timburgrind. Timburgrindur eru einangraðar með 125 mm steinullareinangrun klæddar með útigipsi innan við ystu klæðningu. Að innanverðu eru timburveggir klæddir með gipsplötuklæðningu á rafmagnsgrind.

**Sökklar og botnplata.**
Sökklar og botnplata eru steypt á staðnum. Sökklar og botnplata eru einangruð með 75 mm plasteinangrun.

**Hæðarskil.**
Hæðarskil milli fyrstu og annarar hæðar eru staðsteypt.

**Einangrun**
Einangrun er miðuð við ákvæði gr.180 um hámarks U-gildi einstakra byggingarhluta og vegið meðaltal U-gildi útveggja verður uppfyllt.
Notað verður K-gler í alla glugga.

**Þak.**
Hallandi þak er timburþak með 8° vatnshalla. Timburþak er klætt með Þakdúk / -pappa á krossviðsundirlagi og málmklæðningu þar að ofan.
Flöt þök eru loftuð timburþök einangruð með 200 mm steinull og klædd með þakdúk / -pappa.

**Gluggar.**
Gluggar eru timburgluggar með tvöföldu einangrunargleri. (K-gler)

**Útihurðir.**
Útihurðir eru úr timbri.

**Svalir.**
Svalargólf er steypt upp á staðnum. Svalarhandrið eru úr galvaniseruðu stáli.

**Innveggir.**
Innveggir sem aðskylja bílgeymslu og íbúð eru steinsteyptir. Aðrir innveggir eru gipsplötuveggir á blikkgrind einangraðir með steinull.

**Brunatæknileg atriði:**
Burðarvirki hússins er lágmark REI30. Veggir milli íbúðar og bílgeymslu ásamt hæðarskilum milli bílgeymslu og íbúðar eru REI60.
Dyr milli íbúðar og bílgeymslu er Ei-CS30.
Rýmingarleiðir eru um útidyr og svalir í dagdeild en um útidyr og björgunarop úr hverju svefnherbergi í svefndeild.
Reykskynjara verður komið fyrir í svefnálmu og hitaskynjari verður settur upp í eldhúsi.
Einnig verðu komið fyrir reykskynjara í bílgeymslu.
Klæðningar Innanhúss eru a.m.k. í flokki 2.

Samþykkt þann
1 2 JULI 2001
Byggingafulltrúinn í Hafnarfirði
F.h. Sigurbjartur Halldórsson

TEIKNISTOFAN EHF
ÁRMÚLA 6
108 REYKJAVÍK • SÍMI 553 8750


GÍSLI HALLDÓRSSON ARKITEKT FAÍ
LEIFUR GÍSLASON BYGGINGAFRÆÐINGUR BFÍ
IVON STEFÁN CILIA ARKITEKT FAÍ
BJARNI SNÆBJÖRNSSON ARKITEKT FAÍ
ÁSGEIR ÁSGEIRSSON BYGGINGAFRÆÐINGUR BFÍ


STAÐSETNING MANNVIRKIS
ERLUÁS 25
HAFNARFIRÐI

VERK
AFSTÖÐUMYND
AÐALUPPDRÁTTUR

| | |
|---|---|
| MÁL 1:500 | VERKNÚMER 750-60 |
| DAGS. 06.07.2001 | TEIKNINGANÚMER 1.00 |
| HANNAÐ bj.snæ | TEIKNAÐ KA. |

ATHS.

SAMÞ.: 020763-4989


Öll afnot og afrit teikningar, að hluta eða heild, er háð skriflegu leyfi höfunda, skv. ákvæðum höfundarlaga.